

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði, nr. 506/1980.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

2. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Markmið sjóðsins er stuðningur við nýjungar í læknisfræði, einkum á sviði heila- og hjarta-skurðaðgerða, augnlækninga og öldrunarsjúkdóma.

Úthluta má allt að 10.000.000 -tíumilljónum- króna árlega úr sjóðnum til styrktar þessum markmiðum, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stofnfé sjóðsins er 12,5% af nettósöluandvirði eignarhluta hjónanna í fyrirtækinu Silli og Valdi, reiðufé og skuldabréf. Sjóðinn ber að ávaxta í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 19. apríl 2022.

Birna Ágústsdóttir.

Auður Steingrimsdóttir.